


# Lífeyrissparnaður Val - Fjárvörslureikningur Landsbankans

Fjárvörslureikningur Landsbankans er fyrir þá sem vilja ráðstafa lífeyrissparnaði sínum í erlend hlutabréf. Sveiflur í ávöxtun geta verið mjög miklar. Því hentar sjóðurinn þeim sem eiga langan tíma eftir af lífeyrissöfnunartíma sínum og þeim sem eru meðvitaðir um að sveiflur geta verið töluverðar.

Með Fjárvörslureikningi er eingöngu fjárfest í erlendum hlutabréfum, í gegnum hlutabréfasjóðinn Landsbanki Global Equity Fund (LGEF). Markmið sjóðsins er að skapa vettvang til að nýta helstu styrkleika fremstu sjóðastjórnunarfyrtækja heims til að ná hámarksávöxtun með mikilli áhættudreifingu. LGEF fjárfestir m.a. í verðbréfasjóðum frá AllianceBernstein, Sparinvest og Dexia.

## LGEF – Eignasamsetning 31. maí 2009



## Breytingar á lögum er varða lífeyrissparnað

Að undanfögnu hafa orðið talsverðar breytingar á lögum er varða lífeyrissparnað. Helstu breytingarnar eru:

- Viðbótarlífeyrissparnaður er laus til útgreiðslu frá 60 ára aldri og getur rétt hafi óskað eftir **eingreiðslu** í stað þess að dreifa útgreiðslu á sjö ár.
- Heimilt er að segja samningi um lífeyrissparnað upp með **tveggja** mánaða fyrirvara, í stað sex mánaða áður.
- Við andlát rétt hafa fá **erfingjar greitt út að fullu**. Ekki þarf lengur að skipta greiðslum niður á nokkur ár.
- Úttekt á séreignarsparnaði hefur ekki áhrif á lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun.

### Tímabundin fyrirframúttekt viðbótarlífeyrissparnaðar

Á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010 verður heimilt að óska eftir fyrirframgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar. Heimilt er að greiða út allt að 1.000.000 kr. á níu mánaða tímabili og nemur útgreiðsluupphæðin 111.111 kr. á mánuði fyrir skatt. Tekið er við umsóknum í öllum útibúum og Einkabanka Landsbankans. Útgreiðslur munu fara fram 20. hvers mánaðar og þurfa umsóknir að berast í síðasta lagi þann 10. þess sama mánaðar. Á sama tímabili verður heimilt að auka framlag launþega til viðbótarlífeyrissparnaðar upp í 6%.

Fyrri ávöxtun þarf ekki að segja til um ávöxtun í framtíðinni.

Áhætta: Lítill **1** **2** **3** **4** **5** Mikil

### Nafnávöxtun

Ávöxtun frá áramótum*	Prosent
2008	16,31%
2007	-7,16%
2006	33,3%
2005	13,7%
2004	-2,2%

\*Tímabilið janúar - mars 2009.

### Almennar upplýsingar

- Fullgildur séreignarsjóður
- Viðbótaríðgjald er séreign og erfist skv. erfðalögum
- Sjóðurinn var stofnaður árið 1999
- Stærð sjóðsins í janúar 2009 var 1,335 m.kr.
- Fjöldi sjóðsfélaga í janúar 2009 var 2.514
- Kennitala sjóðsins er 570299-9219
- Reikningsnúmer sjóðsins er 111-26-502960
- Lífeyrissjóðanúmer 932

